

Nd.

631. Frumvarp til laga

[91. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:

Sárasótt (syphilis),

lekandi (gonorrhæa),

klamydíusýkingar (sýkingar af völdum *Chlamydia trachomatis*),

þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),

linsæri (ulcus molle),

lymphogranuloma venereum,

granuloma inguinale,

smitun af HTLV3 veiru.

Taka lög in aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn, er varða auðkenni einstaklings, skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis, sem sýnið sendir, og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.